


SKÝRINGARMYND ÞJÓNUSTUSVÆÐIS

MKV: 1:1000 m.v. A1

## UMHVERFISÁHRIF

Sérstaða svæðisins og verndargildi felst fyrst og fremst í því sjónarspili sem við blasir. Allar framkvæmdir og mannvirki munu koma til með að breyta ásýnd svæðisins. Áhersla skipulagsvinnu hefur verið á að draga úr mögulegum áhrif skipulagsins á ásýnd svæðisins og landslag.

**Áhrifaþættir og umhverfisáhrif deiliskipulags**

| Áhrifaþættir | Umhverfisáhrif |
|---|---|
| Uppbygging aðstöðu | Byggingarreitir verða á landi sem er á náttúruminjaskrá. Hæð og staðsetning bygginga getur haft áhrif á ásýnd svæðisins og sýn vegfarenda á þjóðvegi 1. Við gerð skilmála deiliskipulags var lögð áhersla á að fella byggingar að landinu og draga úr ásýnd þeirra, s.s. með litavali og efnisvali. Staðsetning bygginga er á svæðum sem eru lítt eða ógróin og því talin hafa óveruleg neikvæð áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Ekki er vitað um fornminjar á svæðinu. |
| Bílastæði | Bílastæði verða á landi sem er á náttúruminjaskrá. Heimilt er að gera stæði fyrir allt að 100 bíla og 10 rútur. Það verða neikvæð áhrif af því að taka land undir bílastæði. Hins vegar mun stýring bílaumferðar verða til þess að draga úr raski á landi. Með því að halda til haga svarðlagi yfirborðs mannvirkjasvæða, er unnt að græða röskuð svæði upp á markvissan hátt með staðgróðri. Í saðsetningu bílastæða hefur verið tekið tillit til gróðurfars, fuglalífs og nálægðar við lónið. Talið er að bílastæði hafi óveruleg áhrif á þessa umhverfisþætti. |
| Gönguleiðir | Afmörkun göngustíga er til þess fallin að stýra umferð betur um svæðið og draga úr hættu á að viðkvæmur jarðvegur og gróður skemmist. Áhersla hefur verið lögð á að nýta núverandi stíga sem mest, en einnig eru lagðir nýir stígar til að svæðið geti tekið við fleiri ferðamönnum án þess að umhverfið láti á sjá. Þessi nálgun er til þess að vernda land fyrir raski og dregið er úr umfangi lands sem fer undir stíga. Bein áhrif á land eru óveruleg neikvæð, en stýring á umferð um svæðið mun hafa jákvæð áhrif í för með sér. |
| Umferð | Uppbygging aðstöðu mun draga til sín fleiri gesti og skapa aukna umferð. Umferð getur dregið úr ánægju gesta á svæðinu. Við útfærslu deiliskipulags hefur verið lögð áhersla á að tryggja upplifun á svæðinu, m.a. með því að staðsetja bílastæði og aðkomuvegi þannig að nauðsynlegt er að ganga að lóninu. Aukin umferð getur mögulega falið í sér neikvæð áhrif á upplifun. |
| Siglingar | Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort að siglingar á lóninu kunni að hafa áhrif á lífríki þess. Ekki liggur fyrir náttúrufarsúttekt á lóninu. Óvissan um áhrif er ekki talin verða til þess að takmarka siglingar um lónið. |

**Tengsl við aðrar áætlanir**

Í matsvinnu var farið yfir hvernig deiliskipulagstillaga falli að fyrirliggjandi áætlunum á svæðinu, sem eru eftirfarandi:

- Náttúruminjaskrá.
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013.
- Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
  - Með aðgerðum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, en um leið að stýra aukinni umferð um svæðið, er deiliskipulagstillagan í samræmi við markmið ofangreindra áætlana. Í samræmi við náttúruverndarlög verður leitað umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við lög um Vatnajökulsþjóðgarð verður leitað umsagnar stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Aðalskipulag Hornafjarðar
  - Deiliskipulagstillaga er í fullu samræmi við aðalskipulag.



ÚR SAMÞYKKTU AÐALSKIPULAGI



LOFTMYND

## SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- BYGGINGARREITUR
- DÆMI UM BYGGINGU
- LÓÐ
- Ú ÚTSÝNIS- / ÁNINGARSTAÐUR
- BÍLASTÆÐI
- BÍLASTÆÐI HREYFIHAMLAÐRA staðsetning ekki bindandi
- VEGIR
- STÍGAR
- V VATNSBÓL - staðsetning leiðbeinandi
- R HREINSIVIRKI - staðsetning leiðbeinandi
- -50- 50 m FJARLÆGÐ frá VATNSBAKKA
- ÞJÓÐLENDUMÖRK

**A-Breytingar að lokinni auglýsingu - nóvember 2014.**
-Bílastæði færð fjær þjónustuhúsum.
-Útsýnisstöðum fækkað um Þrjá.
-Í kafla um bílastæði er bætt inn heimild til áfangaskiptingar.
-Fornminjar mektar inn og sett inn ákvæði um fornminjar.

**B-Leiðréttingar - 09.jan 2015.**
-Nafn og númer þjóðlendu fært inn, ákvæði um verslunarheimild í skilmála.

**C-Leiðréttingar - 06.mars 2015.**
-Norðurpílu bætt inn.
-Orðið "tillaga" fellt úr úr texta.

Hæðarlínugrunnur og loftmynd eru fengin frá Loftmyndum ehf.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Umhverfis- og skipulagsnefnd þann ________. _________2015

og í

Bæjarstjórn þann _________._________2015.

Tillagan var auglýst frá __________ 20_______ með

athugasemdafresti til ___________ 20_______ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20____.

Sveitarfélagið Hornafjörður

| FERÐAMANNAAÐSTAÐA VIÐ FJALLSÁRLÓN HORNAFIRÐI | | | |
|---|---|---|---|
| DEILISKIPULAG | | | |
| SKÝRINGARMYND ÞJÓNUSTUSVÆÐIS | | | DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR |
| Breyting: C | Teikn.nr.: D00.02 | | GLÁMA·KÍM |
| Útgáfud.: 08.04.2014 | Mkv.: 1:1.000 m.v. A1 | | Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739 glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is |
| Verknr: 1310066 | Teikn. ST | Yfirf. SK | |

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR

Við skipulagið unnu: Gláma Kím Arkitektar Laugavegi 164 ehf
VSÓ Ráðgjöf
Landslag ehf